

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Súðavíkurhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

### *Deiliskipulag í Hattardal, Hattardalsvirkjun.*

Deiliskipulagið felur í sér heimild til að reisa litla vatnsaflsvirkjun við Hattardalsá, uppsett afl hennar er allt að 100 kw, gert er ráð fyrir stíflu fyrir inntakslón, aðveitulögn frá inntakslóni að stöðvarhúsi og byggingu stöðvarhúss, vegi frá Meiri-Hattardal að stöðvarhúsi og vegslóða frá stöðvarhúsi að inntaki.

### *Breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis á Langeyri í Súðavík.*

Ástæða breytingarinnar er fyrirhuguð uppbygging hafnar- og iðnaðarsvæðisins. Mörk deiliskipulagsins hafa breyst þannig að Langeyrarvegur, lóð I-1 og geymslusvæði verða felld út úr skipulaginu. Fyrir breytingu var svæðið um 3,3 ha, eftir breytingu er skipulagssvæðið um 2,3 ha.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Súðavík, 15. júlí 2020.*

**Jóhann Birkir Helgason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.